



STRANDABYGGÐ

SÓI, ÍÍC SKÝJA SKJOLDUR OG SKÍNANDI RODULL OG IRA ALDURTRUÐU

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ LANDBLADARÉTTAÐUR	
Skj. n.	10.7.2
Tauk.	
Álm.	HG
SLR	08040155
Fskj.	

Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík
b.t. Hinriks Greipssonar

Hólmavík, 14. júlí 2008

Vardar: Úthlutun byggðakvóta Strandabyggðar fiskveiðíárið 2007/2008.


Á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar 11. júlí 2008 var tckið fyrir bréf ráðuneytisins frá 27. júní s.l. þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til Strandabyggðar. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að leggja til við ráðuneytið að til viðbótar við hin almennu skilyrði sbr. 1. gr. rgl. nr. 605/2008 kæmu eftirfarandi skilyrði:

- d) Hafi útgerð leigt frá sér meiri aflaheimildir en hún hefur leigt til sín í þorskigildum talið eða seli frá sér hærri aflahlutdeild en hefur verið keypt á fiskveiðíárinu 2006/2007 kemur hún ekki til greina við úthlutun byggðakvóta. Þá koma bátar/skip sem ekki hafa landað a.m.k. 1/3 af lönduðum afla í heimahöfn á fiskveiðíárinu 2006/2007 til greina við úthlutun byggðakvóta.
- e) Skipta skal helming úthlutaðs byggðakvóta, 70 tonnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem rétt eiga á úthlutun skv. fyrrgreindum reglum en 70 tonnum skal úthlutað í klutfalli við landaðan afla þvírra í heimahöfn á fiskveiðíárinu 2006/2007.

Rökstuðningur: Með þessum ákvæðum er stuðlað að því að nýliðun í atvinnugreininni geti átt sér stað og að þær útgerðir, sem leigt hafa til sín kvóta í miklum mæli, fái þar með hvatningu til að auka hana enn frekar. Með því skapast aukin atvinna, auknar tekjur til sveitarfélagsins og tækifæri til að koma upp bolfiskvinnslu á Hólmavík.

Virðingarfyllst,

Asdís Leifsdóttir, sveitarstjóri



STRANDABYGGÐ

BÓL ER SKÝJA SKJÖLDUNU OG SKÍNNUNDI RÖÐULL OG ISA ALDURTREGI

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDHEXNADARRÁÐUNEYTID	
Sj.R.	107.2
Iauk.	
14. JÚLÍ 2008	
Aðm	H6
SLR	08040155
Fskj.	

Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík
b.t. Hinriks Greipssonar


Hólmavík, 14. júlí 2008

Varðar: Úthlutun byggðakvóta Strandabyggðar fiskveiðíárið 2007/2008.

Hér með fer sveitarstjórn Strandabyggðar þess á leit að fallið verði frá ákvæðum 6.gr. rgl. nr. 605/2008 þar sem kveðið er á um að fiskiskipum sé skyld að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga. Samkvæmt 6.gr. hefur sjávarútvegsráðherra heimild til að víkja frá þessu skilyrði, að fengnum rökstuðningi viðkomandi sveitarstjórnar.

Því miður er engin fiskvinnsla til staðar í Hólmavík sem stendur og ekki fyrirsjáanlegt að það breytist í ár. Hins vegar er starfræktur fiskmarkaður sem hefur skilað tekjum til sveitarfélagsins og skapar tæp tvö stöðugildi. Þá hafa tekjur hafnarinnar rýrnað mikil gegnum árin og því afar mikilvægt að fá aflann landaðan á Hólmavík.

F.h. sveitarstjórnar Strandabyggðar,


Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri